

Sjálfsvíg

Á sænsku eyjunni, Gotlandi, var á árunum 1983-1984 gerð merk tilraun, sem fólst í því að mennta heimilislækna í greiningu þunglyndis. Í kjölfar þessa fækkaði sjálfvígum kvenna umtalsvert, einkum þeim hópi, sem þegar var greindur með meiri háttar depurð og þegar var í sambandi við heimilislækni, innlögnum fækkaði og kostnaður minnkaði. Hins vegar virtist hvorki greiningarhæfni heimilislækna né sjálfsvígstíðni karlmannna hafa breyst. Svo virðist sem heilbrigðiskerfið nái ekki til karlmannna. Þeir fremja sjálfsvíg fimm sinnum oft en konur, en eru einungis hálfdrættingar, þegar litið er til tíðni depurðargreininga. Depurð er verulega misskipt milli kynja. Í Evrópu er um fimm af hundraði íbúa haldinn depurð. Á æviskeiðinu eru líkur á bráðri depurð fjörtíu af hundraði hjá konum, en tuttugu og fimm af hundraði hjá körlum, um nítján af hundraði þunglyndra fremja sjálfsmorð, helmingur að sjötíu af hundraði þeirra, þegar sjúkdómurinn hefur verið áberandi. Sjálfsvíg eru tíðust meðal aldraðra karla.

Sé litið til Svíþjóðar er talið, að um tvö þúsund manns falli fyrir eigin hendi árlega (á níunda áratugi síðustu aldar) og tífundur sá fjöldi reynir sjálfsvíg. Síðustu áratugi hefur fjöldinn sjálfsvíga verið því sem næst stöðugur, en hins vegar fjölgar sjálfvígum geðsjúklinga í virkri meðferð hlutfallslega. Um tíu af hundraði sjálfvíga eru framin af þeim. Sá fjöldi hefur þrefaldast. Þriðjungur þeirra, sem taka líf sitt, hafa verið í sambandi við geðheilbrigðisþjónustuna innan sex mánaða frá harmleiknum. Þessi aukning á sér einnig stað annars staðar. Þrátt fyrir ofangreindan, almennan stöðugleika má greina breytingar í áhættuhlutföllum. T.a.m. hefur hætta á sjálfsvígum hækkað um 3.5 meðal karla á þrítugsaldri, en þrefaldast hjá konum. Hlutfall áhættumismunar karla og kvenna hefur breyst, er nú 3.4/2.6 hjá konum. (Schulman, A. og fl. Nord Psykiatr Tidsskr 1991; 45: 337-343/Rutz, W. Prevention of suicide and depression. Nord J Psychiatry 1996; 50 Suppl. 37, 61-67/ von Knorring, L. Suicidutvecklingen i Sverige Nord Psykiatr Tidsskr 1991; 45: Suppl. 24, 47-56.)